

5.jan 2021 fundur með umhverfiráðherra

Mættir eru amk 42 manns í byrjun fundarins en svo fækkar smátt og smátt og í lokin eru allt frá 24 niður í 11 þegar fæst er á fundinum.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson byrjar fundinn á því að rekja vinnunna á bak við frumvarpið frá árinu 2016, á hundavaði eins og hann segir. Gefur því næst orðið laust.

Snorri Ingimarsson og Sveinbjörn eru fyrstir til að biðja um orðið,

Snorri spyr; þar sem helmingur verndaðra svæða innan fyrirhugaðs Miðgarðs eru nú þegar innan friðlands og þjóðlenda- er þetta þá ekki í góðum málum?

Hann spyr; um 4.gr þar er talað um útivist og þar er allt nefnt nema; vélknúin tæki! Ber það að skilja það svo að skilningur Þjóðgarðs sé að vélknúin tæki svo sem bílar og snjósleðar ofl. séu ekki álitin útivist?

Snorri talar um stjórnar og verndaráætlun – ég náði ekki að bóka það

Snorri talar um gjaldtöku og segir hana valda sér áhyggjum, hann vilji ekki þurfa að borga inn í þjóðgarð!

Síðast gagnrýnir Snorri kostnaðaráætlunina, segir hana nær 3 milljörðum en 2m.

Sveinbjörn nefnir 26.gr, og segir að þar sé verið að skrifa Samtök útivistarfélaga út úr lögnum þar sem þau séu ekki frjáls félagasamtök.

Hann nefnir líka 28.gr. þar sem segir að landverðir megi stöðva för fólk um þjóðgarðinn. Það er mjög alvarlegt mál ef verið er að færa landvörðum lögregluvald.

Síðan spyr hann um viðburði, hvað eru Viðburðir? Og hvernig á að skilgreina þá? Þetta verður að vera á hreinu þannig að landverðir geti ekki komið aftan að fólk.

Sigríður Arna er næst, henni er mjög illa við orðið “Tjöldum” og vill skipta því út fyrir orðið “náttun” sem henni finnst mun eðlilegra og ná mun betur til þeirra hópa sem ferðast um hálendið. Bakpokaferðalangar mega náttu og gera þarfir sínar bak við næsta stein en ferðalangar á þar til gerðum ferðavögnum (með wc) verða að aka jafnvel 50 til 100 km leið til þess að leita að tjaldsvæði vegna þessarar mismununar sem þarna er bókfest.

Þetta telur Sigríður að þurfi að laga. Ekki síst í nafni jafnræðis.

Sigríður Arna spyr um “MINNISBLAÐ” sem hún sendi á GIB þann 18 okt, hvort hann hafi fengið það?

Hvort hann hafi lesið það?

Hvort það hafi haft áhrif á gerð frumvarpsins?

GIB svarar, Snorra – Hve stór þjóðgarðurinn er, hann er ekki með það á hreinu, kannski ¼ biður Steinar Kaldal að skoða það.

Steinar Kaldal segir það sé sirka 20 til 30% sem bætist við þjóðgarðinn.

GIB Segist ætla að laga þetta með að vélknúin ökutæki séu ekki útivist.

Varðandi gjaldtökuna – Sigga Svana á að svara þessu. Hún svarar að heimildin sé bara fyrir þjónustugjöldum og megi ekki skila hagnaði.

Svo ítrekar hann að kostnaðaráætlun sé nær 2 milljörðum en þremur.

Á þessum tímapunkti eru 30 manns á fundinum

GIB svarar Sveinbirni. 26. Gr. Um skipun í svæðisráð, v. útivistarsamtakanna. Hreyfingin býr til tengiliði um það hver á að skipa í svæðisráðin

28 gr. GIB biður Siggu Svönu að svara þessu

Varðandi viðburði, þá segir hann, að þorrablót frá 10 manns til 50 manns eru EKKI viðburðir.

Varðandi fyrirspurnir frá **Sigríði Örnu** þá vísar hann þeim öllum til Siggu Svönu.

Sigga Svana svarar mér og segir Náttun er fallett orð, GIB tekur undir það. Sigga Svana segir alveg spurningu um að skipta því út fyrir tjöldun, þetta þurfi að skoða.

EN þetta sé í náttúruverndarlögum og breytingartillaga yrði að koma frá þinginu.

GIB er ekki viss hvort hann hafi lesið minnisblaðið, vísar því til Siggu Svönu, hún svarar mér varðandi minnisblaðið. Svar við því sé í vinnslu, þau fengu það í október og ég fæ jafnvel svar í þessum mánuði, það er í lok janúar!

Næstur á mælendaskrá er **Jón Geir Pétursson**, og svarar um viðburði, segir að þeir verði að vera þess eðlis að hafa áhrif á verndarhagsmuni – skv. Greinargerð.

Nú tekur **Sigga Svana** aftur orðið og talar til mín, biðst afsökunar á að ekki skuli vera búið að svara mér fyrr varðandi minnisblaðið.

Áki Ármann Jónsson, vill ræða kostnaðaráætlunina, segir 2 milljarða allt of lítið, það þurfi amk 4 milljarða, svo þurfi að endurskoða friðlýsingar, sjálfbærar veiðar eigi að heyra undir Umhverfisstofnun. Svæðisráð séu opin tjekki.

GIB svarar; **Áka**, friðlýst svæði, sömu reglur munu gilda meðan heildarendurskoðun á villidýralögum er í gangi.

Halldór Gunnl. Hauksson spyr um hvernig skipun forstjóra og stjórnarformanns eigi að fara fram, ferlið með það? Spyr svo hvort GIB hafi heyrt um trúnaðarbók í stjórn VJP!

Nú eru 24 manns eftir á fundinum

Svar **GIB til Halldórs G.H.** skipun forstjóra, það er skýrt hver fer með hvaða vald, stjórn starfar eftir ákveðnum reglum. Starfið er auglýst og svo skipar Umhverfissráðherra í starfið. Nei hann hefur ekki heyrt um trúnaðarbók

Layfey Guðmundsdóttir talar um leyfisveitingar og gjaldtöku, gæðastýringarkerfi og segir að **Vakinn** sé stórgallaður, þetta þurfi að laga og endurstkoða. Í Vakanum sé talað um vanefndir fyrirtækja en ekkert er minnst á hvernig skuli bregðast við ef Vakinn er staðinn að vanefndum.

Landverðir hafa vald, og þeir hafa nýtt sér þetta vald eins og lögregluvald, t.d. beðið um ökuskýrteini fólks á ferð um Þjóðgarðinn ofl. Yfir því var kvartað og það mál kom til sjónar. – Landverðir eiga ekki að vera lögregla.

Svo talar Laufey um aksturbann, það er galið að vera með aksturbann inn í Kverkfjöll, hún vill fara með fatlaða einstaklinga þangað en fær ekki.

Já Laufey svarar GIB, leyfisveitingar eru ákveðin tilraun, til að styrkja byggðina en það þarf að fylgja jafnræðisreglunni! Það er mjög alvarlegt ef ekki er verið að fylgjast með ef einhver er ekki með leyfi.

Gylfi Arnbjörnsson frá Ferðaf. Útivist talar um Goðaland, stjórnsýslu og forræðið þar. Hvernig verður þessu háttað í nýjum Hálendisþjóðgarði, hvað með atvinnustefnuna, reksturinn á þessu er í dag mikið til rekinn af sjálfbóðaliðum. Hvað með gæðakerfið, Vakann? Stundum er þetta atvinnurekstur og stundum alls

ekki. Þurfa þeir leyfi til að reka alla sína skála? Og hvað með viðburði? Allt hjá þeim eru viðburðir! Mjög hörð umræða um frumvarpið innan Útivistar segir Gylfi.

Svar til Gylfa, það má fela öðrum ýmis verkefni, þeir sem eru með ýmsa starfsemi. Má gera samninga og þetta er jafnvel forgangsmál, en það má rukka fyrir gistingu. Atvinnustefnan, - unnin af stefnumótunarvinnu þverpólítísku nefndarinnar. Óljóst hvort þetta svarar Gylfa en hann má leita til Siggu Svönu.

Rikharður Sigmundsson talar fyrir snjósleðamenn, skotvís, fx4 og sem almennur neytandi þjóðgarðs. Hann segir mótstöðuna vera vegna þess að það er verið að banna og taka af okkur það sem við höfum getað gert. Þjóðgarðar eiga að halda slóðum opnum – ekki að taka af okkur, heldur halda opnu. Og svo þetta, - það má hvergi gista. Maður er skammaður fyrir að leggja út í kannti og leggja sig!

Svar til Rikharðs. Takk fyrir að draga saman hvers vegna andstaðan er svona mikil. En við viljum halda utan um þetta svæði, vil ekki loftlínur, - virkjanir. Frumvarpið á að sætta ótrulega mörg sjónarmið. Kemur inn á svo margt. Drónar, t.d. má banna á sumum svæðum en leyfa annars staðar.

Þórarinn Garðarsson spyr; af hverju þurfum við ný lög þegar við höfum náttúruverndarlögin? Svo nefnir hann að háspennulínur séu leyfilegar og spyr hvort það sé ekki skemmd á víðerni?

GIB svarar Þóarni; Þórarinn nefndi sérlög, mörg atriði t.d. orkunýting og hefðbundin nýting. Betra að setja þetta í sérlög. Þetta er betra í frumvarpinu heldur en í lögnum um Vatnajökulspjóðgarð.

Sveinbjörn og Snorri. Það eru öfgar í Vatnajökulspjóðgarði, það þarf að fjarlægja öfgarnar, þeir vilja meira samráð, óttast þetta frumvarp og ekki síst það sem vantar í það. Þeir óttast 25 gr. Þar sem segir að þjóðgarðsvörður megi loka þjóðgarði, hvað verður þá t.d. um Kjalveg ef það er skafrenningu? Og má visa fólki út úr garðinum bara ef landverði finnst eitthvað?

GIB svarar Sveinbirni og Snorra. Segir að þjóðgarðsvörður þurfi að hafa málefnalega ástæðu til þess að loka þjóðgarði og það séu takmarkanir fyrir því hve langt landverðir megi ganga.

Arnar Bergmann Hér eru ca 30 manns sem hafa notið hálendisins um árabíl. Það ríkir ekki einhugur um frumvarpið. Þú verður að hlusta á þetta fólk sem er hér! Við verðum að ná víðtækri sátt

Jón Geir. Vill bara áréttta að ef við þurfum einhverjar útskýringar þá getum við talað við hann eða Siggju Svönu.

Svo hvetur **Guðmundur Ingi** fólk til þess að draga saman sínar áhyggjur og hafa samband við Siggju Svönu eða Jón Geir ef það vill koma einhverju á framfæri.

Skráð skv bestu vitund og minni

Sigríður Arna Arnþórsdóttir

14. jan 2021